


Ólafur Stephensen



Grímur gíraffi

SAGAN AF GÍRAFFANUM SEM
ALLTAF FÉKK KALDAN MAT

prentun, hljóðritun eða á annan
a og útgefanda.

myndskreytingar

Veloso


Einu sinni – en ekki fyrir svo
löngu síðan – var gíraffi, sem
hét Steingrímur. Hann átti
heima fyrir Norðan. Þar sögðu
allir að hann héti Grímur. Það
var sennilega ömmu hans að
kenna. Því satt best að segja var
það hún amma sem byrjaði að
kalla hann Grím. Og þá gerðu
allir aðrir það líka.

Grímur var góður gíraffi.
Alveg eins og gíraffarnir í
húsdýragörðunum í útlöndum.
Eða gíraffarnir sem við sjáum
stundum á ljósmyndum eða
í sjónvarpinu. En ef til vill var
Grímur gíraffi svolítið öðruvísí
en þeir. Grímur þurfti nefnilega
að ganga með gleraugu. En
aðeins þegar hann þurfti að lesa
eitthvað skemmtilegt. Hefur þú
nokkurn tímann séð gíraffa lesa
í bók?



Grímur var líka mjög vinsæll
gíraffi. Hann fór á hverjum degi
á leikvöllinn til þess leika sér
með vinum sínum. Grími fannst
mest gaman að spila körfubolta.

Allir krakkarnir vildu hafa Grím
í sínu liði. Það var sennilega
vegna þess að hann var með svo
langan háls. Það var rosalega
gaman að spila körfubolta með
Grím í sínu liði. Allir veltust um
af hlátri, nema Grímur sjálfur.



Stundum sat hann aleinn úti í
horni með tár í augum. Grímur
vildi ekki láta vini sína sjá sig
gráta. Þess vegna setti hann upp
stór sógleraugu. En jafnvel þó
að hann væri með sógleraugu
sáu allir tárin renna niður
kinnarnar. Aumingja Grímur.
Hann var svo leiður.

Af hverju heldur þú að hann
hafi verið svona sorgmæddur?
Þetta var ósköp eðlilegt. Grímur
fékk alltaf kaldan mat. Það var
alveg sama hvað hann fékk að
borða – súpu, fisk eða kjúkling,
maturinn var alltaf kaldur. Jú,
sjáðu til. Maturinn hans var
alltaf kaldur þegar hann hafði
farið niður langan hálsinn og alla
leið niður í maga.



Einn daginn, þegar Grímur var
afskaplega leiður, kom Hansi
vinur hans í heimsókn. Hansi
sagði við hann: Grímur minn,
ég veit af hverju þú ert að gráta.
Og það sem meira er, ég get
leyst vandamálið. Þú færð ekki
kaldan mat framar.

Hansi er mjög klár. Hansi
er vélvirki. Í skúrnum sínum
geymdi hann fullt af skrítnum
verkfærum sem hann notaði við
viðgerðir á reiðhjólum, bílum og
meira að segja stórum trukkum.
Hann gerði líka við göt á
tíðdekkjum og reiðhjóladekkjum.
Hansi kann að gera gamla og
góða hluti eins og nýja.



Daginn eftir fór Grímur í heimsókn

í skúrinn til Hansa. Og Hansi

byrjaði strax að undirbúa verkið.

Fyrst varð hann að mæla hálsinn á

Grími. Það var ekki auðvelt. Loks

fann hann stóran kassa sem hann

sagðist geta notað. Hansi setti

stólinn sinn ofan á kassann og stiga

ofan á stólinn. Þannig tókst honum

að teygja sig alla leið upp að nefinu

á Grími. Þetta var eins og sirkusfólk

gerir stundum. Þegar Hansi var

búinn að skrifa hjá sér alls konar

mælingar, fór hann strax að vinna.

Hann sagði Grími að vera rólegum

og kíkja út um gluggann á meðan

hann væri að undirbúa verkið. Það

var nokkuð stór gluggi á þakinu,

sem Grímur gat notað. Hann stakk

hausnum út um þakgluggann og

virti fyrir sér nágrennið. Þetta var

ótrúlega skemmtilegt. Hann gat

séð alla leið upp í Mosfellsbæ,

gleraugnalaust.



Grímur þurfti ekki að bíða lengi.

Eftir rúmlega hálfa klukkustund
var Hansi búinn að sjóða saman
stóra blöðru úr gummíefni, sem
hann notaði til þess að gera við
bíldekk. Blaðran leit út eins og
stór peysa sem Grímur gat vafid
um hálsinn. Síðan hitaði Hansi
vatn í stóra pottinum sínum og
hellti sjóðandi vatni í blöðruna.

Þetta leysti auðvitað vandann.

Heit blaðran hitaði hálsinn á
Grími alvegmátulega mikið.
Í hvert sinn sem Grímur vildi
fá sér heitan málsverð, hitaði
hann vatn í tekatlinum sínum og
hellti heitu vatninu í blöðruna.
Síðan vafði hann blöðrunni um
hálsinn.



Allt í þessu fína frá Kína, sagði
Hansi þegar blöðrupeysan var
tilbúin. Nú væri ekki lengur bara
kaldur matur heima hjá Grími.

Grímur gíraffi var svo
himinlifandi með nýju
blöðrupeysuna að hann grét
aldrei framar – hann snökti
ekki einu sinni. Grímur lét
sólgleraugun sín ofan í skúffu í
eldhúsinu sínu.

Þau eru þar ennþá eftir því sem
ég best veit.

